



Grímsnes- og Grafningshreppur

Rebekka Rut Ingvarsdóttir

Félagsheimilinu Borg

801 SELFOSS

Garðabær, 7.5.2025

Málsnúmer: 202503-0082

IAS

Efni: Deiliskipulag fiskeldis á Hallkelshólum

Vísað er til erindis Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 27. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulag fyrir fiskeldi á Hallkelshólum.

„Sett er fram deiliskipulag fyrir fiskeldi að Hallkelshólum (L168514) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Á Hallkelshólum er rekin fiskeldisstöð og eru hugmyndir um stækkun hennar og meiri framleiðslu. Í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 er fiskeldisstöðin á iðnaðarsvæði I13 og landbúnaðarsvæði L2. Stærð deiliskipulagssvæðis er 13,6 ha.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og gerir ekki athugasemdir við það en kemur með eftirfarandi ábendingar.

Skipulagssvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis, Suðurlandsundirlendi, og í nágrenni við svæðið Kálfshólar, Búrfells- og Hæðarendalækur, sem er á C-hluta náttúruminjakrár. Þá er svæðið á nútímahraunum, Rauðhólahrauni og Seyðishólahrauni, sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013). Verndargildi hraunanna á lóðinni er þó metið lágt þar sem það er hulið jarðvegi og ekki sést í yfirborð þess. Mikilvægt er að fylgst verði vel með Höskuldslæk en frárennsli frá fiskeldisstöðinni er leitt í settjörn og þaðan í tilbúið votlendi en berst svo að endingu út í lækinn.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur